

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 3664/91

frá 16. desember 1991

um bráðabirgðaráðstafanir varðandi kryddvín, drykki blandaða með kryddvínnum og hanastél blönduð með kryddvínnum

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91 frá
10. júní 1991 um almennar reglur varðandi skilgreiningu,
lýsingu og kynningu á kryddvínnum, drykkjum blönduðum
með kryddvínnum og hanastélum blönduðum með kryddvín-
num ⁽¹⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þörf er á bráðabirgðaákvæðum til að auðveldara sé að taka
upp reglur bandalagsins í stað innlendra reglna. Af þeim
sökum ætti að leyfa í eitt ár fyrstu stig markaðssetningar
á vörum sem voru framleiddar í samræmi við ákvæði sem
voru í gildi fyrir gildistöku reglugerðar (EBE) nr. 1601/91.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í
samræmi við álit framkvæmdanefndar um kryddvín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Fyrsta stig markaðssetningar á vörum bandalagsins,
framleiddum fyrir 17. desember 1991 og vörum framleidd-
um og innfluttum fyrir þann dag sem greint er frá í reglugerð
(EBE) nr. 1601/91 er falla undir ákvæði sem voru í gildi fyrir
þann dag, er heimilt til 16. desember 1992 enda sé kynning
þeirra í samræmi við þessi ákvæði.

2. Fyrsta stig markaðssetningar á vörum bandalagsins
og innfluttum vörum er falla undir reglugerð (EBE) nr.
1601/91, sem hafin var framleiðsla á fyrir 17. desember

1991 og verða fullunnar fyrir 17. júní 1992 í samræmi við
ákvæði er voru í gildi fyrir 17. desember 1991, er heimilt til
16. desember 1992 enda sé kynning þeirra í samræmi við
þessi ákvæði.

3. Að því er þessa reglugerð varðar merkir:

- „framleiðsla“ vinnsla sem gefur af sér fullunna, merkta
vöru í flöskum sem ætluð er neytendum,
- „fyrsta stig markaðssetningar“ á framleiddri vöru sölu
og raunverulegan flutning framleiðslu frá framleiðslu-
stöðum eða geymslustöðum framleiðenda.

4. Þrátt fyrir frest til 16. desember 1992 sem mælt er fyrir
um í 1. og 2. mgr er heimilt að selja vörur bandalagsins og
innfluttar vörur sem eru fullunnar og til á lager á þeim tíma,
tilbúnar til neyslu þar til birgðir þrýtur.

2. gr.

1. Þar til settar verða nákvæmar reglur um beitingu reglu-
gerðar (EBE) nr. 1601/91, eigi síðar en 31. desember 1992,
er aðildarríkjunum heimilt að beita viðeigandi innlendum
reglum sem voru í gildi fyrir 17. desember 1991.

2. Þar til ákvörðun verður tekin um undanþágur frá reglu-
gerð (EBE) nr. 1601/91, eigi síðar en 31. desember 1992,
skulu ákvæði innlendra reglna sem voru í gildi fyrir 17.
desember 1991 gilda áfram nema hlutaðeigandi aðildarríki
taki ákvörðun um annað.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 17. desember 1991.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 1991.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 149, 14. 6. 1991, bls. 1.